

Böggur

Skógræktaráætlun



Inngangur

Markmið með þessari áætlun er að auðvelda fólki að skipuleggja áframhaldandi skógrækt á svæðinu svo þar megi upp vaxa upp fallegur og frískur skógur sem þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að gera svæðið enn betra sem útivistarsvæði. Í áætluninni er

- Gróðursetningaráætlun þar sem þau svæði sem hægt er að gróðursetja í eru skilgreind og gerð grein fyrir hvaða trjategundum og fjölda plantna ætti að gróðursetja.
- Umhirðuáætlun þar sem gerð er grein fyrir þeim skógum sem fyrir eru á svæðinu og hvað umhirðu þeir þurfa í framtíðinni.
- Kostnaðaráætlun vegna gróðursetningar og einnig er gerð tillaga um hvað ætti að gróðursetja mikið á hverju ári.
- Kolefnisbindingarspá sem sýnir hvað áætlað er að núverandi skógar hafi bundið mikið kolefni og hvað þeir skógar sem á eftir að gróðursetja gætu bundið mikið.
- Einnig er komið inná hvað mætti gera varðandi stíga á svæðinu, bílastæði og áningarstaði til að gera svæðið enn betra sem útivistarsvæði.

Svæðið var kortlagt í apríl og maí 2025 sem felst í því að gengið var um svæðið og það reitað upp eftir gróðurfari. Einnig voru eldri skógar kortlagðir eftir tegundum, aldri og þéttleika. Áætlunin var svo unnin í júní 2025 af starfsmönnum Skógræktarfélags Eyfirðinga samkvæmt samningi við Dalvíkurbyggð.

Staðhættir

Skógræktarsvæðið er á svæði sem kallað er Böggur og er ofan Dalvíkur, sunnan og neðan við skíðasvæðið. Svæðið sem áætlunin nær til er um 38 ha að stærð. Talsverð skógrækt hefur verið stunduð á svæðinu þó enn séu þar ógróðursett svæði. Nyrst og neðst er gamall skógarreit frá um 1960 sem er um 5 ha. Sunnan við hann er gróðursetning frá um 1990 um 5 ha. Þar sunnan og ofan við eru yngri gróðursetningar frá um 2000 til 2010 um 7 ha. Um svæðið liggja ágætir göngustígar og er allt svæðið ljómandi gott til útivistar.

Svæðið er að mestu í aflíðandi brekku sem hallar á móti austri. Svæðið er allt neðan 100 m.h.y.s og er smáhæðótt með mýrlendis- eða graslendisdældum inn á milli. Þau svæði sem eftir á að gróðursetja í eru að mestu leiti stórpýfður lyngmói.

Landið hentar að mestu ágætlega til skógræktar.



Mynd 1. Innan gulu línunnar er svæðið sem áætlunin nær til

Markmið skógræktar.

Markmið skógræktarinnar er fyrst og fremst að auka gildi svæðisins til útivistar allan ársins hring með þeirri fjölbreytni og skjóli sem skógurinn gefur. Einnig mun skógurinn binda kolefni, jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs. Þá mun Skógurinn einnig skila af sér einhverjum viðarnytjum, þó það sé ekki markmið í sjálfum sér.

Auðlind	Markmið	Leiðir að markmiði
Útivist	<ul style="list-style-type: none"> Huga sérstaklega að því að hafa skóginn aðgengilegan 	<ul style="list-style-type: none"> Hafa gott stígakerfi innan skógarins. Hafa áningarstaði og bekki Hafa upplýsingaskilti
Landslag	<ul style="list-style-type: none"> Viðhalda fallegri sýn að og frá skóginum. 	<ul style="list-style-type: none"> Reyna að hafa útlínur mjúkar og mjúkar línur milli reita inna skógarins. Nota birki í útjaðra svæðisins.
Náttúruvernd	<ul style="list-style-type: none"> Viðhalda náttúrulegum vistkerfum innan skógarins 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki verður plantað í mýrlendi. Skilin eru eftir stór opin svæði í lyngmóanum. Ekki gróðursett í snjódældir

Fornleifar	<ul style="list-style-type: none"> • Passa upp á fornleifar innan skógarins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Innan svæðisins eru þrjár skráðar minjar sem ekki má raska. Hvorki með gróðursetningu né með öðrum hætti
Timbur	<ul style="list-style-type: none"> • Ekki er lögð áhersla á að fá timbur út úr skóginum. En eins og með aðra skóga verður til timbur þegar skógurinn vex. 	Hvergi er gróðursett þétt og því ekki líklegt að úr skóginum fáist gott timbur

Landslagshönnun

Huga þarf að því að skógurinn falli vel inn í landslagið og leggja skal sérstaka áherslu á að rækta fjölbreyttan skóg með öflugum vistkerfi.

Til að skógurinn falli vel að landslagi þarf að forðast að til verði beinar línur og hvöss horn. Á það við á milli tegunda, reita og á útjöðrum svæðisins. Þetta er fyrst og fremst gert með því að láta náttúrulegar línur í landslagi ráða útjöðrum reita.

Birki er mikið notað í útjaðra skógarins að ofan og sunnan og er það gert til að útjaðrar skógarins verði óreglulegir og myndi náttúrulega jaðra sem falli vel að landinu og myndi ekki skörp skil milli skógarins og fjallsins ofan við.

Skógurinn á helst að vera fjölbreyttur en ekki kaostískur. Því er oft gert ráð fyrir að planta einni tegund í reit en reitirnir ekki hafðir mjög stórir. Þar sem gert er ráð fyrir að planta fleiri en einni tegund í reit er oftast ein tegund ráðandi og önnur notuð með í minna magni.

Verndarsvæði

Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar er skógræktarsvæðið innan svæðis 511-O/Nv sem er skilgreint sem Fólkvangur, skíðasvæði, útivistarsvæði. Svæðið var deiliskipulagt 2021 „Fólkvangur í Böggvistaðafjalli Deiliskipulag og umhverfisskýrsla“. Þessi skógræktaráætlun byggir á þeim línunum sem þar eru lagðar

Til eru þrjár skýrslur um fornleifar á svæðinu frá árinu 2000, 2019 og 2022

- „Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: frá árinu 2000
- „Fornleifar í Böggvistaðafjalli, Dalvík: Deiliskráning innan fólkvangs“ frá 2019
- „Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskrár innan þéttbýlismarka og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags. Hákon Jensson“ frá árinu 2022

Innan skógræktarsvæðisins eru nokkrar skráðar fornminjar.

- Í reit 88 (2752-241) er svokallaður Selhóll eða Böggvistaðasel þar eru greinilegar tóftir og garðar. Sums staðar hefur verið gróðursett of nálægt tóftunum og ástæða til að höggva þau tré sem eru nær tóftum en 20m.

- Í reit 23 (2752-231) er um 12m löng hleðsla. Tré skyggja á garðinn og er full ástæða til að höggva þau sem eru nær honum en 20 m.
- Í reit 27 (2752-230) er tóft sem er mjög ógreinileg. Gróðursett hefur verið of nálægt henni og ástæða til að höggva tré sem eru nær henni en 20m.
- Í reit 35 (EY-101:055) eru merki um mögulegar mógrafir. Eitthvað af trjám eru full nálægt og ástæða til að höggva þau tré sem eru nær en 20m.

Passa þarf að gróðursetja ekki í þessar fornminjar eða raska á annan hátt.

Skógræktarsvæðið liggur allt neðan við 100 m.h.y.s og er neðan fjallendis milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar sem er á Náttúruminjasrá. Engar raflínur eða aðrar lagnir liggja um svæðið.



Mynd 2. Hér má sjá þær fornminjar sem eru innan skógræktarsvæðisins


Gróðursetningaráætlun

Trjátegundir. Reynslan af eldri skógrækt á svæðinu sýnir að allar hefðbundnar trjátegundir í íslenskri skógrækt geta náð hér ágætum þroska og ekki ástæða til að velja eina trjátegund umfram aðra vegna veðurfars. Frjósemi jarðvegs í hverjum reit ræður hvaða trjátegundir verða gróðursettar. Þar sem landið er mest fremur rýrt er gert ráð fyrir að gróðursetja mest af birki svo lerki og stafafuru. Þetta eru allt tegundir sem þrífast vel á svæðinu og gera hóflegar kröfur til frjósemi jarðvegs. Einnig er þó gert ráð fyrir að gróðursetja í minna mæli ýmsar tegundir hér og þar til að auka fjölbreytileika

skógarins og gera hann falletgri. Fjölbreytni í notkun trjátegunda gerir skóginn meira spennandi og jafnframt er mikilvægt að leggja ekki allt undir á eina tegund heldur dreifa ræktunaráhættunni.

Í útjaðra svæðisins er gert ráð fyrir að gróðursetja birki. Í ógróðursett svæði innan eldri gróðursetninga er gert ráð fyrir að gróðursetja lerki og furu. Þar sem landið er þurrast og rýrast er gert ráð fyrir að planta lerki, enda sérstaklega þolið við þær aðstæður. Stafafuran er mest notuð í sæmilega frjósamt mólendi þar sem jarðvegur er sæmilega þykkur. Birkið þarf sæmilega frjótt land til að vaxa vel en hentar líka vel í jaðra til að mýkja útlínur skógarins og hafa jákvæð áhrif á ásýnd. Aðrar tegundir eins og reyni, hengibirki, elri og fleira sem í boði verður þarf yfirleitt að planta þar sem frjósemi lands er góð og er einkum hugsað til skrauts og yndisauka.

Skipting milli tegunda



Plöntur sem á að gróðursetja

Tegund	Fjöldi
Birki	9.026
Lerki	7.886
Fura	2.053
Greni	0
Ösp	0
Ýmsar teg	116
Plöntur í íbætur	0
Samtals	19.080

Mynd 3. Skífurit sem sýnir hlutfall milli trjátegunda sem gert er ráð fyrir gróðursetja og tafla sem sýnir áætlaðan fjölda af hverri tegund.



Mynd 4. Þetta kort sýnir hvernig svæðið er reitað niður eftir gróðurfari. Hver reitur hefur sitt númer. Með því að skoða töfluna hér fyrir neðan er hægt að sjá hvað á að gróðursetja mikið í hvern reit.

Gróðursetningaráætlun

Böggur

Reitur nr.	Stærð ha	Beggi júní 2025		Bil á milli plantna	Tegund 1	Tegund 2	Hlutfall tegund 1	Hlutfall tegund 2	Fjöldi tegund 1	Fjöldi Tegund 2	Athugasemd
		Fjöldi í Reit	Fjöldi á ha								
5	0,1	23	200	7,1	Ýmsar tegundir		100		23		Hér mætti setja ýmsar tegundir pottaplantna til skrauts
10	0,2	31	200	7,1	Ýmsar tegundir		100		31		Hér mætti setja niður ýmsar tegundir til skrauts
36	0,6	1.175	2000	2,2	Rússalerki		100		1.175		Gróðursetja lerki
38	1,0	1.515	1500	2,6	Ilmbjörk		100		1.515		Gróðursetja birki
55	3,1	4.576	1500	2,6	Ilmbjörk		100		4.576		Gróðursetja birki
62	2,3	4.575	2000	2,2	Rússalerki	Stafafura	70	30	3.203	1.373	Gróðursetja lerki og stafafuru
72	1,0	1.449	1500	2,6	Ilmbjörk		100		1.449		Gróðursetja birki
76	0,2	239	1500	2,6	Ilmbjörk		100		239		Gróðursetja birki
80	1,0	1.950	2000	2,2	Rússalerki		100		1.950		Gróðursetja lerki
81	0,8	38	50	14,1	Ýmsar tegundir		100		38		Hér mætti setja nokkrar pottaplöntur til skrauts
82	0,1	25	200	7,1	Ýmsar tegundir		100		25		Hér mætti setja niður ýmsar tegundir pottaplantna til skrauts
83	0,2	433	2000	2,2	Stafafura	Rússalerki	70	30	303	130	Gróðursetja stafafuru og lerki
84	0,3	629	2000	2,2	Stafafura	Rússalerki	60	40	377	251	Gróðursetja stafafuru og lerki
86	0,6	1.177	2000	2,2	Rússalerki		100		1.177		Gróðursetja lerki
87	0,6	930	1500	2,6	Ilmbjörk		100		930		Gróðursetja birki
89	0,2	316	1500	2,6	Ilmbjörk		100		316		Gróðursetja birki

Mynd 5. Þetta er hin eiginlega gróðursetningaáætlun. Þarna má sjá hvaða trjategundir og fjöldi af hverri tegund á að fara í hvern reit.



Mynd 6. Trjátegunda kort sýnir núverandi og áætlaðar gróðursetningar. Græn svæði sýna það sem þegar er búið að gróðursetja í, brún svæði sýna hvar á að gróðursetja birki. Gul svæði sýna hvar á að gróðursetja lerki og bleik sýna aðrar tegundir

Gróðursetning. Í áætluninni er gert ráð fyrir að gróðursetja 19.080 plöntur í um 12 ha. Eins og áætlunin er sett upp er gert ráð fyrir að gróðursetningu sé lokið á 4 árum og gróðursett verði á árunum 2026 til 2029. Árleg gróðursetning væri þá um 5.000 plöntur. Gera má ráð fyrir að flestar plöntur sem verði gróðursettar, allt lerkið, furan og birkið, komi úr skógarplöntubökkum, tæplega 19.000 plöntur. Einnig verði gróðursettar um 100 pottaplöntur. Þetta geta verið hinar og þessar tegundir t.d. reynir, ösp, greni, elri, skrautrunnar o.s.frv. Í áætluninni eru þær eingöngu skráðar sem Ýmsar tegundir. Gróðursetningar geta farið fram að vori, upp úr mánaðarmótum maí, júní og svo aftur að hausti, í ágúst og september. Þéttleiki gróðursetninga fer aðallega eftir því hvert markmið með skógræktinni er í viðkomandi reit og hvernig plöntur er verið að gróðursetja. Þar sem megintilgangurinn er að skógurinn fegri landið, til útivistar og til almennra landbóta er plantað fremur gisið og í flestum reitum gert ráð fyrir að gróðursetja 2.000 plöntur á ha (2,2 metrar milli plantna). Birki gróðursetningar sem eru í útjaðri svæðisins eru enn gisnari og er þar gert ráð fyrir að gróðursetja 1.500 plöntur á ha (2,6m milli plantna). Þar sem er gert ráð fyrir að gróðursetja ýmsar tegundir er gert ráð fyrir að þær komi úr pottum. Þetta eru nokkuð dýrar plöntur og því aðeins gert ráð fyrir að gróðursetja fáeinar plöntur hér og þar. Þó að það sé ekki nefnt sérstaklega í áætluninni mætti gjarnan gróðursetja stakar pottaplöntur hingað og þangað um svæðið og þá sérstaklega við stíga og á öðrum áberandi stöðum til að fegra skóginn.

Þar sem gert er ráð fyrir að gróðursetja meira en eina tegund í reit fer blöndunin þannig fram að tegundin sem er minna af er plantað í litlar grúppur oftast nokkrir tugir trjáa saman og upp í fáein hundruð. Valin eru svæði sem eru talin henta tiltekinni trjátegund, t.d reynitré saman í frjósamari bletti í birkigróðursetningu eða lerki í melasvæði og furu í frjósamara land. Ástæðan fyrir því tegundum er ekki grautað saman heldur hafðar í reitum og grúppum er sú að þannig fæst sterkari skógur sem er auðveldari í umhirðu. Til dæmis vaxa ólíkar tegundir upp á mismunandi hraða og fljótsprotnari tegundir kæfa hinar seinvaxnari. Ef einhver tegund verður í framtíðinni fyrir einhverjum skakkaföllum er auðveldara að skipta henni út ef hún er samfelld á svæði en ef hún er dreifð innan um aðrar tegundir.

Áburðargjöf eykur í flestum tilfellum vöxt og lifun ungra plantna og því á að bera á allar gróðursettar plöntur nema lerki við gróðursetningu eða vorið eftir þar sem gróðursett er að hausti. Magnið er um 10 -15 g á plöntu og fer eftir áburðartegund. Lerki virðist ekki svara áburðargjöf á sama hátt og aðrar tegundir og því er ekki borið á það. Ef tré fara í vaxtarstopp nokkrum árum eftir gróðursetningu getur í einhverjum tilfellum verið hægt að ná plöntum aftur í vöxt með frekari áburðargjöf. Mest er hættan á vaxtarstoppi ef trjátegund er gróðursett í rýrara land en hún getur þrífist í með góðu móti. Því þarf alltaf að velja land sem hæfir tegundinni.

Jarðvinnsla. Ekki er gert ráð fyrir að jarðvinna þurfi svæðið fyrir gróðursetningu. Hins vegar þarf mögulega að handfleckja eitthvað við gróðursetningu.

Eldri skógur

Alls er búið að gróðursetja í um 17 hektara. Nyrst og neðst á svæðinu er elsti skógurinn um 5 ha sem hefur væntanlega verið gróðursettur mest á árunum frá um 1960 til 1970. Þarna er laglegur stafafuru teigur ásamt lerki, sitkagreni, ösp og birki ásamt fleiri tegundum í minna mæli. Í framhaldi af þessum skógi er skógrækt sem kennd er við Svein Ólafsson sem gróðursetti á svæðinu væntanlega mest á árunum um 1990 í um 7ha. Á þessu svæði hefur verið gróðursett mest af lerki ásamt birki og stafafuru. Svo eru yngri gróðursetningar í um 5 hekturum sem eru væntanlega frá árunum upp úr 2000 sem eru að mestu ofan við áður taldar gróðursetningar. Í þeim gróðursetningum hefur mest verið gróðursett af sitkagreni sem hefur farið í of rýrt land fyrir tegundina sem mun því vaxa mjög rólega. Í heildina eru allar þessar eldri gróðursetningar þó góðar og upp er að vaxa skógur sem þjónar vel tilgangi sínum sem útivistarskógur.

Umhirða á eldir skógi

Gamli skógurinn í Böggi lítur nokkuð vel út en er full þéttur. Í gegnum tíðina hefur þessi skógur eitthvað verið snyrtur en ekki verið grisjaður mikið. Grisjun á svona gömlum og þéttum skógi er erfið og tímafrek og talsverð hætta á að ef farið er í stífa grisjun að trén sem eftir standi falli í roki og í snjóþyngslum. Því er ekki hægt að mæla með að skógurinn verði grisjaður mikið í einu heldur fremur reynt að koma reglulega í reitinn og fella burt brotin tré og aumingja.

Með því móti er hægt að halda skóginum snyrtilegum og smám saman fækka trjám í æskilegan fjölda án þess að hann verði fyrir miklum skakkaföllum.

Miðaldra skógurinn er misþéttur en er kominn á þann aldur að það væri mjög æskilegt að fara í gegnum hann meira og minna með keðjusög og grisja hann þar sem hann er of þéttur og tré sem eru margstofna og broguð væru snyrt. Með því móti væri líklegt að upp mundi vaxa góður skógur sem auðveldara væri að hirða um á næstu áratugum. Í yngstu gróðursetningunum eftir 2000 eru ekki komið að neinni grisjun enda er mest að honum að vaxa mjög hægt og ekki líklegt að þurfi neitt að huga að honum fyrr en eftir 10 til 20 ár.



Mynd 7. Kort sem sýnir þau svæði sem nú þegar hafa verið gróðursett


Vegir, stígar og áningarstaðir

Um skógin liggja ágætir göngustígar sem eru skilgreindir í deiliskipulagi. Engin ástæða er til að fjölga stígum en hluta af stígunum mætti breikka svo þeir verði greiðfærari og nýtist betur við umhirðu á svæðinu í framtíðinni.

Bílastæði er við veg upp að skíðasvæði sem þjónar vel hlutverki sínu. Þarna mætti samt gjarnan setja upplýsingaskilti og kort með gönguleiðum og upplýsingum um svæðið.

Áningarstaðir eru í gamla reitnum í Böggi. Stuttu eftir að komið er inn í reitinn er lífill áningarstaður með grilli og einnig er smá flöt neðan við furureitinn. Hér er þó lagt til að svæðið sunnan við furureitinn (reitur nr. 10) verði byggt upp sem aðal áningarstaður skógarins. Þarna er nokkuð stórt opið svæði sem snýr vel á móti sól. Þarna mætti vel koma fyrir grillhýsi, slétta flöt og koma fyrir leiktækjum.

Á nokkrum stöðum eru svo bekkir við göngustíga. Það mætti fjölga bekkjum og einnig mætti setja upp smærri fræðluskilti um t.d. trjátegundir, fornminjar, fugla, blóm eða annað náttúrutengt.



Mynd 8. Hér má sjá stígakerfi skógarins ásamt góðum stað fyrir framtíðar áningarstað


Kolefnisbinding

Þegar ræktaður er skógur binst kolefni. Þær upplýsingar sem hér eru um bundið kolefni í skóginum byggja á kolefnisreikni Lands og skógar. Þar er Íslandi skipt niður í gróskuflokka eftir því hvers má vænta að helstu trjátegundir getir vaxið hratt og bundið mikið kolefni til 50 ára aldurs. Samkvæmt þeirra gögnum lenda þær trjátegundir hafa mest verið gróðursettar og munu verða gróðursettar í Bögg í eftirtöldum gróskuflokkum og vænta má kolefnisbindingar eftir því

- Stafafura SF-5. Með árlega meðalbindingu upp á 5,96 tonn CO₂ á ha
- Rússalerki RL-8. Með árlega meðalbindingu upp á 7,84 tonn CO₂ á ha
- Birki IB-5. Með árlega meðalbindingu upp á 4,15 tonn CO₂ á ha
- Við þetta bætist um 2 tonn af bindingu í jarðvegi og sópi.

Hafa ber í huga að þetta er spá um áætlaða kolefnisbindingu en ekki raunverulega mæld binding í skógi. Áætluð uppsöfnuð kolefnisbinding núverandi skóga árið 2025 er samtals um 2.700 tonn CO₂. Við lok spátímans árið 2080 er áætlað að skógurinn hafi bundið um 7.300 tonn CO₂.

Við mat á kolefnisbindingu voru eldri skógar ekki mældir upp heldur voru flatarmál og gróðursetningarár notuð til að áætla uppsafnaða bindingu. Það sama var gert til að áætla vænta bindingu í þeim skógum sem á eftir að gróðursetja. Spálíkon reikna ekki bindingu nema 50 ár fram í tímann. Hægt hefur mjög á vexti elsta skógarins og árleg binding í honum er því fremur lítil.




Mynd 9. Sýnir áætlaða uppsafnaða kolefnisbindingu.

Framkvæmdatími og kostnaðaráætlun

Framkvæmdartími. Hér er lagt til að þær 19.080 plöntur sem áætlunin gerir ráð fyrir að verði gróðursettar fari niður á á fjórum árum og þá verði árleg gróðursetning um 5.000 plöntur.

Æskilegt væri að grisjað verði eitthvað á hverju ári næstu árin.

Önnur uppbygging eins og merkingar og uppbygging áningarstaða með borðum og bekkjum þarf að vinnast smá saman.



Mynd 10. Hér má sjá hvaða trjátegundir á að gróðursetja hvert ár.

		Birki	Lerki	Fura	Greni	ösp	Annað
	Fjöldi plantna	Pl.fjöldi	Pl.fjöldi	Pl.fjöldi	Pl.fjöldi	Pl.fjöldi	Pl.fjöldi
Samtals	19.080	9.026	7.886	2.053	0	0	116
ár							
2025	0	0	0	0	0	0	0
2026	4.660	1.246	2.733	680	0	0	0
2027	4.576	4.576	0	0	0	0	0
2028	5.207	3.203	1.950	0	0	0	54
2029	4.637	0	3.203	1.373	0	0	62

Mynd 11. Hér má sjá fjölda af hverri tegund sem á að gróðursetja.

Kostnaðaráætlun. Gróðursetningarkostnaðaráætlun byggir á gróðursetningar töxtum skógræktarinnar 2025 og áætluðum kostnaði við plöntukaup. Gert er ráð fyrir að gróðursetja í tæpa 12 ha og um 19.080 plöntur og kostnaður við það er áætlaður 3.200.000 kr eða rúmlega 270.000 á hektara og árlegur kostnaður við gróðursetningu frá 720.000 til 920.000 kr.

Árlegur kostnaður vegna plantna, gróðursetningar, áburðargjafar

Ár	Samtals kr	Plöntur kr	Gróðursetning og áburðargjaf kr
2025	0	0	0
2026	720.000	470.000	250.000
2027	740.000	460.000	280.000
2028	920.000	620.000	290.000
2029	820.000	580.000	240.000

Mynd 12. Mögulegur árlegur kostnaður við gróðursetningu.

Lokaorð. Þessi áætlun var unnin eftir bestu vitund og eftir bestu gögnum sem fáanleg voru og verður vonandi til þess að skógurinn á svæðinu verði mönnum til gagns og ánægju.

Viðaukar

Gróðursetningaráætlun

Böggur

Beggjúní 2025

Reitur nr.	Stærð ha	Fjöldi í Reit	Fjöldi á ha	Bil á milli plantna	Tegund 1	Tegund 2	Hlutfall tegund 1	Hlutfall tegund 2	Fjöldi tegund 1	Fjöldi Tegund 2	Athugasemd
5	0,1	23	200	7,1	Ýmsar tegundir		100		23		Hér mætti setja ýmsar tegundir pottaplantna til skrauts
10	0,2	31	200	7,1	Ýmsar tegundir		100		31		Hér mætti setja niður ýmsar tegundir til skrauts
36	0,6	1.175	2000	2,2	Rússalerki		100		1.175		Gróðursetja lerki
38	1,0	1.515	1500	2,6	lmbjörk		100		1.515		Gróðursetja birki
55	3,1	4.576	1500	2,6	lmbjörk		100		4.576		Gróðursetja birki
62	2,3	4.575	2000	2,2	Rússalerki	Stafafura	70	30	3.203	1.373	Gróðursetja lerki og stafafuru
72	1,0	1.449	1500	2,6	lmbjörk		100		1.449		Gróðursetja birki
76	0,2	239	1500	2,6	lmbjörk		100		239		Gróðursetja birki
80	1,0	1.950	2000	2,2	Rússalerki		100		1.950		Gróðursetja lerki
81	0,8	38	50	14,1	Ýmsar tegundir		100		38		Hér mætti setja nokkrar pottaplöntur til skrauts
82	0,1	25	200	7,1	Ýmsar tegundir		100		25		Hér mætti setja niður ýmsar tegundir pottaplantna til skrauts
83	0,2	433	2000	2,2	Stafafura	Rússalerki	70	30	303	130	Gróðursetja stafafuru og lerki
84	0,3	629	2000	2,2	Stafafura	Rússalerki	60	40	377	251	Gróðursetja stafafuru og lerki
86	0,6	1.177	2000	2,2	Rússalerki		100		1.177		Gróðursetja lerki
87	0,6	930	1500	2,6	lmbjörk		100		930		Gróðursetja birki
89	0,2	316	1500	2,6	lmbjörk		100		316		Gróðursetja birki
1	0,6										Úrtak búið að gróðursetja
2	1,3										Úrtak búið að gróðursetja
3	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
4	0,6										Úrtak búið að gróðursetja
6	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
7	0,4										Úrtak búið að gróðursetja
8	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
9	0,2										Úrtak búið að gróðursetja
11	0,3										Úrtak mýri
12	0,3										Úrtak búið að gróðursetja
13	0,2										Úrtak búið að gróðursetja
14	0,2										Úrtak búið að gróðursetja
15	0,1										Úrtak mýri
16	0,7										Úrtak búið að gróðursetja
17	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
18	0,3										Úrtak búið að gróðursetja
19	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
20	0,0										Úrtak mýri
21	1,1										Úrtak búið að gróðursetja
22	1,2										Úrtak búið að gróðursetja
23	0,1										Úrtak Minj nr 2752-231 varnargarður
24	0,2										Úrtak mýri
25	1,5										Úrtak mýri
26	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
27	0,2										Úrtak minj nr 2752-230 EY-101:024 tóft
28	0,7										Úrtak búið að gróðursetja
29	0,2										Úrtak búið að gróðursetja
30	0,9										Úrtak búið að gróðursetja
31	0,2										Úrtak mýri
32	1,3										Úrtak búið að gróðursetja
33	0,0										Úrtak Mýri
34	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
35	0,3										Úrtak Minj nr EY-101:055. Mögulega mógrafir
37	0,3										Úrtak Mýri
39	0,0										Úrtak melur
40	0,1										Úrtak melur
41	0,3										Úrtak Mýri
42	0,2										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
43	0,0										Úrtak melur
44	0,1										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
45	0,2										Úrtak snjóðæld
46	0,1										Úrtak snjóðæld
47	0,0										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
48	0,1										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
49	0,1										Úrtak snjóðæld
50	0,1										Úrtak snjóðæld
51	0,3										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
52	0,1										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
53	0,1										Úrtak snjóðæld
54	0,0										Úrtak snjóðæld
56	0,3										Úrtak búið að gróðursetja
57	0,1										Úrtak melur
58	0,2										Úrtak Mýri
59	0,2										Úrtak snjóðæld
60	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
61	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
63	0,1										Úrtak búið að gróðursetja
64	0,4										Úrtak búið að gróðursetja
65	0,1										Úrtak Mýri
66	0,4										Úrtak búið að gróðursetja
67	0,4										Úrtak búið að gróðursetja
68	0,4										Úrtak Mýri
69	0,2										Úrtak búið að gróðursetja
70	0,0										Úrtak búið að gróðursetja
71	0,2										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
73	0,1										Úrtak snjóðæld
74	0,0										Úrtak til að milda útlínur svæðisins
75	0,6										Úrtak búið að gróðursetja
77	0,0										Úrtak mýri
78	0,0										Úrtak melur
79	0,8										Úrtak búið að gróðursetja
85	0,0										Úrtak búið að gróðursetja
88	0,7										Úrtak forminnjar
90	1,5										Úrtak búið að gróðursetja
91	0,2										Úrtak búið að gróðursetja
92	0,3										Úrtak til að milda útlínur
93	0,1										Úrtak mýri
94	0,1										Úrtak búið að gróðursetja

